



Hreppsnefnd 21.06.05

Hreppsnefndarfundur þriðjudaginn 21. júní 2005
- haldinn kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mættir til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Emil Sigurjónsson, Ólafur Ármannsson, Bragi Vagnsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Steindór Sveinsson og Björn Halldórsson.

Einnig mættir til fundar: Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 07. júní sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 07. júní sl. Gerðar voru smávægilegar athugasemdir við fundargerðina en hún síðan samþykkt samhljóða.
2. mál Fundargerð félagsmálanefndar frá 30. maí sl.
Fundargerð félagsmálanefndar frá 30. maí sl. lögð fram til kynningar.
3. mál. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps og stofnana fyrir árið 2004.

–Síðari umræða–

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi ársreikningum A- og B-hluta sjóða sveitarfélagsins. Lagði hann síðan til að fyrirbyggjandi ársreikningar yrðu samþykktir við síðari umræðu.

Miklar umræður urðu um fyrirbyggjandi ársreikninga og svaraði sveitarstjóri framkomnum fyrirspurnum.

Ársreikningarnir síðan samþykktir með 5 atkv., 2 sátu hjá.

4. mál. Aðalfundur SSA 2005 15. og 16. sept. nk. Kosning 3-ja fulltrúa Vopna-fjarðarhrepps.

Aðalfundur SSA verður haldinn í Fjarðarbyggð dagana 15. og 16. sept. n. k. Kjósa þarf fulltrúa Vopnafjarðarhrepps á fundinn.

Tillaga kom fram um að kjósa sem aðalmenn: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur Ármannsson og Björn Halldórsson og til vara Borghildi Sverrisdóttur, Braga Vagnsson og Steindór Sveinsson.

Tillagan síðan samþykkt samhljóða með 7 atkv.

Var ennfremur öllum hreppsnefndarmönnum sem áhuga hafa á boðin þáttaka í fundinum.

5. mál. Kaupvangur, umsóknir um aðstöðu í húsinu og drög að samningi um kaffihús.

Lagðar fram umsóknir um aðstöðu í Kaupvangi frá Vesturfaranum og Rauða krossinum. Jafnframt voru lögð fram drög að samningi við Bræður og systur ehf. um rekstur á kaffihúsi og og upplýsingamiðstöð í Kaupvangi. Drögin samþykkt samhljóða.

Allmiklar umræður urðu um framtíðarnotkun Kaupvangs. Nefndarmenn voru almennt sammála um að Kaupvangur ætti í meginatriðum að vera menningarhús Vopnfirðinga, sem halda ætti utan um menningu og sögu Vopnafjarðar. Á þeim grunni ákvað hreppsnefnd að almennt gilti það að ekki yrðu leigð herbergi í Kaupvangi til hinna mismunandi félagasamtaka sem um slíkt hafa sótt.

Hreppsnefnd samþykkti samhljóða ennfremur með tilteknum skilyrðum að úthluta Vesturfaranum herbergi til afnota til þess m.a. að halda utan um sögu vesturferða og til þess að koma henni á

framfæri. Oddvita og sveitarstjóra falið að ræða við fulltrúa Vesturfarans um samning og skilyrði fyrir slíkri úthlutun.

7. mál. Bréf sjávarútvegsráðuneytisins dags. 7. júní, varðandi byggðakvóta. Lagt fram bréf sjávarútvegsráðuneytisins varðandi úthlutun á byggðakvóta frá 7. júní sl. Sveitarstjóra falið að sækja um byggðakvóta fyrir hönd sveitarfélagsins.

8. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Bréf framkvæmdastjóra Lunga dags. 10. júní sl., varðandi stuðning við hátíðina. Svofelld tillaga kom fram: Menningarmálanefnd verði fengið erindið og hvetji unglunga í sveitarfélaginu til þátttöku og fái til þess styrk frá hendi sveitarfélagsins.

b) Fundargerð Heilbrigðisnefndar Austurlands frá 8. júní sl.

9. mál. Kosning oddvita og varaoddvita.

Næst var tekin fyrir kosning oddvita og varaoddvita. Tillaga kom fram um Aðalbjörn Björnsson sem oddvita og Emil Sigurjónsson sem varaoddvita. Tillagan samþykkt með 5 atkvæðum.

Oddviti óskaði eftir að fundargerð skipulags- og bygginganefndar frá í dag yrði tekin fyrir sem 6. mál og var orðið við bón hans. Oddviti yfirgaf fund kl. 17.00 og tók varaoddviti við stjórn fundarins og hafði áður verið tekið fyrir 8. mál á dagskrá eftir 5. máli.

5. mál: Fundur skipulags- og bygginganefndar 21. júní.

Lögð fram fundargerð skipulags- og bygginganefndar frá 21. júní. Fjörlegar umræður um 4. mál er varðar erindi Olíudreifingar um nýjan svartolíugeymi á athafnasvæði fyrirtækisins. Ennfremur var 2. mál, miðbæjarskipulag, all mikið rætt. Fundargerðin samþykkt síðan samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.30